Stjórnarfundur í Oddafélaginu haldinn í Odda á Rangárvöllum 2. febrúar 1994.
Mætt var öll stjórn félagsins.

1. Rædd var hugmynd um breytingu á lögum félagsins um aðalfundartíma, þannig að fundurinn verði haldinn fyrir marslok ár hvert. Taka þarf fram í næsta aðalfundarboði að lagabreyting verði þar fyrir tekin.
   Ákveðið að halda aðalfund miðvikudaginn 23. febrúar 1994 kl. 16 í Hlíðarenda á Hvolsvelli. Friðjón Guðröðarson sýslumaður verði fundarstjóri. Formaður taldi gott ef e-ð umræðuefni lægi fyrir á fundinum til úrbóta við skipulag stjórnar. Fram kom sú hugmynd að greina frá hátíðahöldum vegna lýðveldisafmælis í Rangárþingi.
2. Náttúrustofa í Odda. Formaður varpaði því fram hvort hafa þyrfti formlegt samband við nágrannasveitarfélög/-sýslur um þetta mál. Freysteinn Sigurðsson greindi frá því að umhverfisráðherra hefði staðsett náttúrufræðasetur í Rangárþingi á plani sem kynnt hefur verið. Drífa Hjartardóttir lagði til að stjórnin fengi fund með ráðherranum um málið. Formaður tók í sama streng, og fól Freysteini að undirbúa þetta. Nauðsynlegt væri að kynnast viðhorfum umhverfisráðherra til málsins, og líklega mun ekki veita af að auka og glöggva skilning héraðsnefndar Rangárvallasýslu á málinu.

3. Hugmynd um miðstöð umhverfismats.
-Bréf frá áhugahópi um verkefni á því sviði
Formaður, Þór Jakobsson, kvað mikinn áhuga nú ríkjandi á umhverfismáli. Nefndi hann til þeirrar sögu þá Geir Ólafsson, arkitekt, Erlend Birgisson verkfræðing og Björn

Formaður taldi að Oddafélaginu bæri að setja sér það markmið að stuðla að því að þessari starfsemi verði komið á fót hér í Rangárþingi.
Formaður las upp bréf frá átvinnunefndinni Birni, þar sem leitað er samráðs aðila frá héraðsnefnd Rangárvallasýslu um málið.
Drífa varaði við of mörgum járnum í eldinum í einu gagnvart héraðsnefndinni. Nú væri náttúrufræðistofan í brennidepli.

4. Ákveðið var að halda Sæmundardag í Reykjavík föstudaginn 20. maí 1994, í stað 23., sem ber upp á 2. hvítasunnudag. Nánari tíma- og staðsetning ákv. síðar.

5. Stefnt var og er að því að afhjúpa hringsjá á Gammabrekku á Oddahátíð sem haldin verði sama dag og þjóðhátíðin, þ. 18. júní. Rætt um undirstöðu útsýnisskífunnar. Friðjón Guðröðarson lagði til að notaður verði stuðlabergsdrangur, en alls ekki steinrör. Samþykkt var að leita til steinsmiðju S. Helgasonar.

6. Rætt var um Oddastefnu haustið 1994. Freysteinn Sigurðsson lagði til að þó Oddastefnan í vor verði haldin að hausti, skuli stefnt

að því að færa hana fram á vorið og miða
við Sæmundardag, 23. maí ár hvert. Lagði
hann og til að efni Oddastefnunnar í haust
verði héraðs- og náttúrugripasöfn. Þetta var
samþykkt, og stefnt að því að halda Odda-
stefnuna í Skógum laugardaginn 8. okt. 1994.
7. a. Töðugjaldadagar í sumar. Drífa greindi frá
þeim. Rætt um hvort Oddafélagið komi að þeim,
öðruvísi en með mórölskum hætti.
b. Freysteinn stakk upp á Oddafélagsferð í
Laufaleitir, Einstirni og Grænafjall laugar-
daginn 27. ágúst 1994 í fylgd stað-, sögu-
og jarðfræðikunnugra manna. Þór lagði
til að Rangæingafélaginu verði boðin þátttaka.
c. Rætt lítillega um fréttabréf. Reyna á að
koma því út fyrir Sæmundardag, t.d.
í byrjun apríl.
d. Sigurður Sigurðarson greindi frá heimild
sem Háskóli Íslands hefur gefið í bréfi
dags. 1.12.1993 ~~um~~ til að reisa styttu
í Odda af Sæmundi á selnum eftir
Ásmund Sveinsson. Verður hún uppi
á hólnum vestur af kirkjugarðinum.
Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 17:40.

Sigurður Sigurðarson
ritari